

Priðji fundur skráningarráðs Gegnis Fimmtudaginn 6. nóvember 2003

Priðji fundur skráningarráðs haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna,
Borgartúni 37, fimmtudaginn 6. nóvember kl. 14:00.

Fundarmenn:

Auður Gestsdóttir
Guðný Ragnarsdóttir
Herdís Tómasdóttir
Ragna Steinarsdóttir
Sigrún Hauksdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórdís Þórarinsdóttir

Dögg Hringsdóttir kom og kynnti stjórnun aðgangsheimilda.

Dagskrá:

1. Fréttir af kerfisgreiningarfundi 27. – 29. október
Sigrún sagði frá kerfisgreiningarfundinum sem haldinn var 27. – 29. október. Fundinn sóttu fulltrúar ExLibris í Köln ásamt Ulrich Bernhard sem ber þungan af yfirfærslunni. Fundurinn var tvíþættur; fyrri daginn var unnið að vandamálum er lúta að yfirfærslu gagna úr Feng en seinni daginn einbeittu fundarmenn sér að sameiningu gagnagrunnanna. Þriðja daginn var námskeið fyrir starfsmenn Landskerfis bókasafna.
2. Aðgangsheimildir
Dögg Hringsdóttir sagði frá þeim lausnum sem fram komu á kerfisbókavarðanámskeiðinu, 29. október. Ákveðið var að notast fyrst og fremst við skrána "Permission.dat" sem stýritæki fyrir skráningarheimildir. "Permission.dat" býður upp á að heimildum sé stjórnað allt niður í ákveðin svið. T.d. er mögulegt að takmarka heimild að flokkstölum, svið 08X eða forða, svið 85x.
3. Skráningar- og efnisorðavandamál
Mikið var rætt um ýmiskonar skráningar- og efnisorðavandamál. Ákveðið var halda samstarfsfund um skráningar- og efnisorðamál til reifa vandamálin í víðara samhengi ásamt því að stofna vinnuhópa. Samráðsfundurinn var síðan haldinn 13. nóvember sl.
4. Nafnmyndaskrá
Nafnmyndaskráin er í bágbornu ástandi. Sumir höfundar eru margfaldir o.s.frv. Talið er að nafnmyndaskrá Fengs sé betri hvað varðar íslenskar nafnmyndir. Þeirri hugmynd var varpað fram að henda út íslenskum nafnmyndum í Gegni og notast við nafnmyndir frá Feng. Ákveðið var að leggja nafnmyndavandamálið fyrir fyrrnefndan samráðsfund.
5. Skráningarnámskeið

Samkvæmt erindisbréfi skráningarráðs þá á ritstjóri bókfræðigrunns Gegnis að hafa umsjón með þjálfun varðandi skráningarpátt kerfisins. Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri gagnagrunnsins slasaðist og verður væntanlega frá vinnu næstu mánuði. Mjög brýnt er að einhver eða einhverjir taki við hlutverki Hildar þar sem starfsmenn Landskerfis bókasafna eru ekki skráningar-sérfræðingar og illa til þess fallnir að sjá um skráningarkennslu.

Rætt var um nauðsyn þess að boðið væri upp á námskeið þar farið væri yfir skráningarhugtök og marksniðið. Þórdís bauðst til þess að hafa milligöngu um slíkt námskeið sem formaður Upplýsingar. Upplýsing mun í samvinnu við Endurmenntunarstofnun HÍ halda skráningarnámskeið.

Fundarritari
Sigrún Hauskdóttir